

Breytingartillögur

við till. til þál. um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. mgr. orðist svo:

Alþingi ályktar, í samræmi við lög um rannsóknarnefndir, sbr. einnig ályktun þingsins um rannsóknarskýrslu Alþingis frá 28. september 2010, að skipa þriggja manna rannsóknarnefnd er leiti sannleikans um aðdraganda og orsök rekstrarerfiðleika og gjaldþrots sparisjóðanna á Íslandi.

2. D-liður 2. mgr. orðist svo: Leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna, eftirlit og endurskoðun hjá sparisjóðunum, hverjir kunni bera ábyrgð á því og hvernig niðurstöðum eftirlitsaðila var fylgt eftir.

3. Í stað dagsetningarinnar „1. september 2012“ í g-lið 2. mgr. komi: 1. júní 2012.